

Viðtakandi:

Velkominn í Flensborg kæri nýnemi!

Það styttest í að við hefjum skólastarf að nýju. Það er ljóst að það verður ekki með hefðbundnum hætti vegna COVID-19, líkt og vonast var til, en til þess að skólastarfið gangi sem best þá legg ég áherslu á eftirfarandi:

- Ávallt að gæta vel að **persónulegum sóttvörnum**, svo sem handþvotti og sprittun snetiflata.
- **Grímuskylda er í skólanum**, a.m.k. í svokölluðum opnum rýmum en hægt verður að taka grímuna niður í kennslustundum.
- Við búum áfram við **fjöldatakmarkanir í matsal** en áfram verður hægt að kaupa léttar matvörur, svo sem rúnstykki, salatbakka, ávexti og drykkjarvörur. Við hvetjum nemendur okkar einnig til koma með nesti.
- Gæta vel að **allri umgengni** bæði í stofum og opnum rýmum. Þannig getum við m.a. komið í veg fyrir útbreiðslu smita.

Opnað verður fyrir stundatöflur nemenda í Innu **mánudaginn 16. ágúst** en til þess að geta opnað Innu **þarf rafræn skilríki**. Þau færðu í þínum viðskiptabanka.

Um leið og opnað verður fyrir INNU þá sérðu m.a. bókalista en mikilvægt er að nemendur komi með námsgögn við upphaf skólans því kennsla hefst af fullum krafti strax á fyrsta degi, fimmtudaginn 19. ágúst, samkvæmt stundatöflu. Einnig er mikilvægt að nemendur **hafi aðgang að fartölvu** eða öðrum tölvubúnaði og við minnum á að nemendur geta hlaðið niður Office pakkanum í gegnum heimasíðu skólans. Hægt verður að leigja skápa í anddyri skólans með því að senda tölvupóst á skrifstofa@flensborg.is.

Eins og áður hefur komið fram þá ert þú í **bekk 2**. Kennari þinn er **Melkorka Edda Sigurgrímsdóttir**. Þér er hér með boðið að mæta á nýnemakynningu miðvikudaginn **18. ágúst klukkan 13:25 í stofu M204**. Þar verða nýnemar boðnir velkomnir í skólann auk þess sem farið verður yfir það sem þarf að hafa í huga við upphaf skólaárs. **Nemendafélag skólans** verður einnig á staðnum og kynnrir starfsemi sína.

Að lokum

Eins og við höfum séð á síðustu mánuðum og ári þá geta hlutirnir breyst mjög hratt og því langar mig langar til að biðja þig um að **fylgjast vel með** tölvupósti þínum og fréttum á vefsíðu skólans. Einnig að vera vakandi yfir helstu aðgerðum almannavarna og fylgja sóttvörnum í hvívetna. Þannig stuðlum við að því að faraldurinn gangi fyrr yfir og að eðlilegt skólalald geti hafist.

Vonum það besta og gangi þér vel í vetur!

Bestu kveðjur,

Erla Sigríður Ragnarsdóttir

Skólameistari Flensborgarskólans í Hafnarfirði